

Erindisbréf fjölskyldu- og fræðslunefndar Sveitarfélagsins Ölfuss

I. kafli

Umboð, skipan og hlutverk

1. gr.

Fjölskyldu- og fræðslunefnd Sveitarfélagsins Ölfuss er skipuð af bæjarstjórn Ölfuss og fer hún í umboði bæjarstjórnar með málefni fjölskyldna og fræðslumála í sveitarfélaginu, þ.m.t. málefni grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila svo og önnur þau verkefni sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu. Undanskilin valdsviði nefndarinnar eru þau lögbundnu verkefni sveitarfélagsins sem falin eru Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

2. gr.

Fjölskyldu- og fræðslunefnd Ölfuss er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Í upphafi kjörtímabils kýs bæjarstjórn formann en á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns. Auk sviðsstjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs eiga bæjarstjóri, skólastjóri, leikskólastjóri, fulltrúi foreldra leikskólabarna, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, fulltrúi leikskólakennara og fulltrúi grunnskólakennara rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Fjölskyldu- og fræðslunefnd hefur faglega umsjón með starfsemi leik- og grunnskóla og frístundaheimilis í sveitarfélaginu. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga, reglugerða og samþykkt á hverjum tíma.

Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru m.a.:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um skólastefnu Sveitarfélagsins Ölfuss
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt, þ.m.t. ákvæði laga um leikskóla nr.90/2008, laga um grunnskóla nr.91/2008 og reglugerða sem eru settar á grundvelli þeirra, og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur
- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu
- að fylgjast með þörf fyrir leikskólapláss og pláss á frístundaheimili sveitarfélagsins

- að stuðla að tengslum og samstarfi leik- og grunnskóla annars vegar og grunn- og framhaldsskóla hins vegar
- að fjalla um tillögur að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í málaflokknum nái fram að ganga
- að fjalla um þann hluta fjölskylduþjónustu sem ekki er falin sameiginlegri félagsþjónustu og velferðarnefnd Árneshöfða
- að vinna önnur þau verkefni sem bæjarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.

4. gr.

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlega gildi við samhljóða staðfestingu bæjarráðs en að öðrum kosti með staðfestingu bæjarstjórnar.

II. kafli

Starfsmenn, fundir og starfshættir

5. gr.

Fjölskyldu- og fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skál nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við sviðsstjóra fjölskyldu- og fræðsluviðs. Sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs er starfsmaður nefndarinnar. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd og undirbýr og situr fundi nefndarinnar.

6. gr.

Formaður boðar fundi fjölskyldu- og fræðslunefndar Sveitarfélagsins Ölfuss í samráði við sviðsstjóra. Nefndin heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Skýlt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í nefndinni æskir þess.

7. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með rafrænu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar fjölskyldu- og fræðslunefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

8. gr.

Formaður nefndar stýrir fundi samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Fjölskyldu- og fræðslunefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nefndarmaður

hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náið skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar vísast til 17.gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss og 20.gr.sveitarstjórnarlaga nr.138/2011. Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

9. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðabók. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir fjölskyldu- og fræðslunefndar ásamt rökstuðningi og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint í tölvu, samanber samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Fundargerðabók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum fjölskyldu- og fræðslunefndar, lög, reglugerðir er varða nefndina svo og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins. Sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send fundarmönnum.

10. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögमत forföll hamli. Hann skal boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara. Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar enda skili hann efni þess til nefndarformanns og/eða sviðsstjóra að minnsta kosti þremur sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

III. kafli **Gildistaka**

11. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Með samþykkt þessa erindisbréfs er fellt úr gildi erindisbréf fræðslunefndar dags. 24.nóvember 2005.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30.janúar 2020

Elliði Vignisson
Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss